

**Skýrsla
æskulýðsnefndar
hestamannafélagsins**



SKAGFIRÐINGUR

2016

Veturinn 2015-2016 markaði tímamót í sögu hestamannafélaganna Léttfeta, Stíganda og Svaða í Skagafirði en þá sameinuðust þessi félög og til varð hestamannafélagið Skagfirðingur, nýtt og öflugt félag. Félögin höfðu áður starfað saman að æskulýðsstarfi á félagssvæðum sínum um nokkurra ára skeið. Undir merkjum hins nýja félags var boðið upp á námskeið í Knapamerkjum sem og venjulegt reiðnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni yfir vetrarmánuðina.

Boðið var upp á reiðnámskeið á virkum dögum og um helgar fyrir börn, unglinga og ungmenni. Á virkum dögum mættu þau börn, unglingar og ungmenni sem hafa verið á reiðnámskeiðum síðustu vetur og eru lengra komin, og um helgar mættu yngstu knaparnir, byrjendur og minna vön og þau sem ekki gátu mætt á virkum dögum. Á námskeiðinu á virkum dögum var boðið upp á nám í Knapamerki, en einungis náðist þáttaka í Knapamerki 3 og lauk því með prófi á vordögum.



Undirbúningur fyrir vetrarstarfið hófst í október með kennslu í bóklegum hluta Knapamerkjanna. Reiðkennarar voru þær Hafdís Arnardóttir reiðkennari og Helga Rósa Pálsdóttir leiðbeinandi.



Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Skaafirðinga 2016

Reiðkennsla hófst í janúarlök og stóð út apríl. Fyrirkomulag kennslunnar var haft óbreytt frá fyrri árum þar sem það hefur skapað nokkra hefð og þeir sem ætla að vera með gera því ráð fyrir þessum dögum til kennslu. Kennt var tvisvar í viku á virkum dögum í 10 vikur og var þátttakendum skipt í hópa eftir getu. Þeir krakkar sem tóku Knapamerki 3 sóttu að auki bóklega tíma sem skotið var inn í á virkum dögum og í lok námskeiðs luku þau svo prófi í bóklegu og verklegu og var prófdómari Stefanie Wermelinger. Helgarkennslan hófst seinna og voru kenndar 5 helgar, bæði laugardag og sunnudag, þar mættu ungir knapar sem eru að byrja sína hestamennsku sem og lengra komnir.



Á námskeiðstímanum var meðal annars farið yfir helstu grunnatriði ásamt því að það var æft fyrir keppnir, hindrunarstökk, farið í smalabraut eða eltingarleik, farið í útreiðatúr með kennurum, farið yfir umhirðu hests og reiðtygja og fleira. Í lok námskeiðs fengu þeir sem luku Knapamerki 3 viðurkenningaskjal og nælu, einnig fengu allir þeir 30 krakkar flísábreiður fyrir hestinn merktar með nafni barnsins og merki félagsins og húfur merкта hestamannafélaginu.





Einnig var krökkunum boðið að fara til Reykjavíkur að sjá sýninguna Æskan og hesturinn sem fram fór í TM reiðhöllinni hjá Fák 10.apríl. Farið var á laugardegi og í Egilshöll tók formaður æskulýðsstarfs Fáks, Elsa Blöndal Sigfúsdóttir og fleiri, á móti okkur og hópur af hressum Fákskrökkum og var farið í keilu. Urðum við þeim svo samferða heim í Fákshéima. Þar var okkur boðið í pizzuveislu og kynningu á því starfi sem ungum Fákfélögum stendur til boða. Eftir sýninguna á sunnudag var haldið heim aftur og þökkum við æskulýðsnefnd Fáks kærlega fyrir góðar og rausnalegar móttökur. Við eigum efalaust eftir að endurtaka þetta, því í svona heimsókn felst kynning og fræðsla, einnig bæta svona heimsóknir tengsl og dreifa hugmyndum um það sem vel er gert og það sem betur má gera.



Vetrarstarfinu lauk seinnipartinn í apríl með því að allir þátttakendur mættu með sína reiðskjóta og farið var í útreiðatúr um nágrennið og í þrautabraut og kom þau sem vildu í búningum. Á eftir var svo farið í Tjarnarbæ þar sem foreldrar buðu upp á kökur og kruðerí í tilefni dagsins. Þar fengu allir þátttakendur vetrarstarfsins afhent viðurkenningarskjal.



Fyrir hönd æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Skaqfirðinga

Helga Rósa Pálsdóttir
Guðrún Margrét Sigurðardóttir
Hafdís Arnardóttir
Hlín Kristína Manika Jóhannesdóttir
Kristín Brynja Ármannsdóttir
Sigfríður Halldórsdóttir
Pórarinn Eymundsson

Nokkrar myndir frá lokadegi vetrarstarfsins.

